



Reykjavík, 2. júlí 2020  
R11060102  
6610  
ívs

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - sértæk búsetuúrræði***

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var lagt frambréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. júlí 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna sértækra búsetuúrræða og landnotkun, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Athygli vekur að Bláskógarbyggð og sveitarfélagið Ölfus skiluðu umsögn en ekki er að finna umsagnir frá íbúaráðum borgarinnar, sem þó voru sérstaklega beðin um umsögn skv. gögnum málsins.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokkssins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að notfæra sér lagaeyðuákvæði með því að gera breytingu á aðalskipulagi í þá veru að búsetuúrræði verði heimil þar sem ekki má vera með íbúðabyggð.

Samkvæmt lögum nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana í 3. mgr. 3. gr. kemur fram að ef vafi leikur á hvort skipulags- eða framkvæmdaáætlun sé háð ákvæðum laganna getur almenningur eða sá sem ber ábyrgð á áætlanagerð óskað eftir að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort áætlunin falli undir lög þessi.

Skipulagsstofnun skal auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að ákvörðun liggi fyrir. Heimilt er að kæra slíkar ákvarðanir til ráðherra. Reykjavíkurborg er hér á mjög hálum í skipulagsvinnu sinni. Þessi heimild opnar á að leyfilegt er að dríta niður smáhýsum, hjólhýsum, kúluhúsum, og fl. út um allt borgarlandið. Alþingi fer með lagasetningavaldið en ekki Reykjavíkurborg. Það er ljóst að ef gengið verið að kröfu Reykjavíkurborgar um breytingar í þessa veru verður það fordæmisgefandi fyrir öll sveitarfélög á landinu.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta niðurstöður matsins til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra. Undir þau lög falla framkvæmdir fyrir grófan iðnað líkt og námuðnað, orkuiðnað, efnaiðnað, skólphreinsivirki, og förgunarstöðvar. Allt sem hefur veruleg umhverfisáhrif. Ljóst er að fullríu Miðflokks er á villigötum með málflutning sinn. Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við gildandi lög. Markmið hennar er að auka sveigjanleika og hraða við undirbúning ýmissa húsnæðislausna fyrir sértæka hópa í samræmi við Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar. Að bera það saman við stórtækari iðnaðarframkvæmdir er einstaklega ósmekklegur málaflutningur. Við umhverfismetum ekki fólk.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Markmiðið er að auka möguleika á að setja niður t.d. smáhýsi fyrir heimilislaus og er í því samhengi jákvæð breyting. Breytingin snýst um að rýmka það svæði sem hægt er að setja upp skammtímahúsnæð. svo sem: verslunar- og þjónustusvæða, miðsvæða, athafnasvæða, hafnarsvæða, iðnaðarsvæða, opinna svæða og landbúnaðarsvæða enda byggingar einkum staðsettar innan þegar skilgreinds byggingarreits eða lóðar samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagi og í samráði við lóðarhafa eða landeiganda. Þessi breyting ætti að skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins. Nægur sveigjanleiki þarf að vera til að hægt sé að koma fyrir fjölbreyttum húsnæðisúrræðum eftir því sem þörf krefur hverju sinni.



Helga Björk Laxdal  
e.u.